

Leirvogsa

Rannsókn á seiðabúskap 2017

Samantekt

Veturinn einkenndist af miklu vatnafari. Ekki er vatnsmælir í Leirvogsa en gögn úr Elliðaám og Korpu sýna þetta. Mikið fannst af smáseiðum en lítill efniviður fannst í gönguseiði ársins 2018, sem eiga að skila sér 2019. Veiðin var afspyrnu léleg en þetta er fyrsta árið með nýju veiðifyrirkomulagi. Eingöngu veitt á flugu með veiða-sleppa fyrirkomulagi. Hitafar að vori var eðlilegt og hagstætt þroska gönguseiða.

Inngangur

Mikið vatn var í ám SV lands veturinn 2016 og langt fram eftir vori 2017. Ár voru auðar og hefur þetta væntanlega kostað mikla orku fyrir seiðin í ánum. Rennslið í Elliðaám var 15 m³ mest allan veturinn og hitinn 3-4 °C. Rennsli í Hólmsá við Gunnarshólma var lengstum 6- 8 m³ en í venjulegu árferði er það 1-3 m³ að vetri til.

Hitafar vorið 2017 var með eðlilegum hætti. Fremur kalt var í apríl en hitnaði í lok mánaðarins, maí var nokkuð hlýr en í júní kólnaði nokkuð. Þroski gönguseiða hefur því verið eðlilegur af þeim sökum. Laxveiði var almennt minni SV lands en búist hafði verið við en skýringar eru ekki tiltækar. Rafveiðar voru framkvæmdar á hefðbundinn hátt dagana 16. og 18. ágúst. Veitt var á 5 stöðum. Meðal vatn var í ánni og skilyrði góð til seiðaveiða. Ekki var veitt fyrir ofan Tröllafoss.

Niðurstöður


Lax

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 4-8. Lang mest fannst af vorgömlum seiðum (0+) á tveimur efstu stöðvunum, upp við Hrafnhóla: Þar voru fá eins árs seiði og einungis eitt 2 ára seiði, reyndar það eina sem veiddist í þessari rannsókn. Þetta er frábrugðið niðurstöðum frá 2016 en þá var mikið af 0+ seiðum á öllum stöðvum.

Nær ekkert fannst af stórum seiðum, einungis eitt seiði stærra en eins árs. Sé þetta marktækt verður lítið um gönguseiði sem fara munu út vorið 2018. Líklega stafa þessi afföll á stórum seiðum af hinu óvenjulega vatnsfari veturinn 2016-17, mjög mikið vatn og íslaus á. Þá þurfa seiðin að eyða mikilli orku. Besta vetrarástandið eru frostavetur þar sem lítið þarf þá að hafa fyrir lífinu undir ísnum. Gera má ráð fyrir þessi óvenjulegi vetur hafi einnig leitt til affalla á verðandi gönguseiðum vorið 2017.

Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	Aldur						Samtals	Þéttleiki
				0+		1+		2+			
			m²	no	ml	no.	ml	no	ml		Fj /100 m²
4	O. Hrafnhólabrúar	16/8	50	61	3.7	5	5.3			66	132
5	N. Hrafnhólabrúar	16/8	50	32	3.6	3	6.2	1	9.2	35	72
6	Miðsvæði efra	16/8	60	3	4.0	14	5.9			17	28
7	Miðsvæði neðra	18/8	40	9	4.1	4	6.0			13	33
8	Varmidalur	18/8	50	9	4.3	7	5.2			15	30
	Samtals:	250	200	113	3.7	28	5.9	1	9.2	147	59
	Fj /100m²			45		13		-			


Tafla 1. Fjöldi (Fj) og meðallengd (ml) veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-8 2017.
Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 12.



Mynd 1. Lengdardreifing laxaseiða í Leirvogsa 2017.

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51
2015	31	17	2		49
2016	95	22	7		124
2017	45	13	-		59

Tafla 2. Þéttleiki aldurshópa laxaseiða í Leirvogsa 2006-2008 Þrátt fyrir að mikið hafi verið af eins og tveggja ára seiðum 2016 er lítið eftir af þeim 2017, sem bendir til mikilla affalla sl. vetur.



Mynd 4. Þéttleiki seiðaárganga í Leirvogsa 2008-2017



Mynd 6. Seiði af stöð 7. 4 eins árs og 9 vorgömul laxaseiði. Jafn gamlir urriðar í neðri röð.



Mynd 2. Seiði af stöð 5, neðan Hrafnhóla. Efst t.v. eru 1 2 ára seiði og v 1 árs seiði. Smáseiðin eru sumargömul. 4 urriðar efst til hægri.



Mynd 3. Seiðin af stöð 4 ofan við Hrafnhólabrú. Fimm eins árs laxar í efri röð, svo 0+ laxar. Þrjú urriðaseiði efst til hægri



Mynd 5. Seiði af stöð 8, Varmadal. Í efstu röð eru 7 eins árs laxaseiði og 9 sumargömul. Þar fyrir neðan eru urriðaseiði.




Mynd 7. Seiði af stöð 6. Í efstu röð eru 14 eins árs og 3 vorgömul laxaseiði.

Urriði

Tafla 3 sýnir fjölda urriða sem veiddust. Eins og áður var mest af urriða á stöðinni við Varmadal. Nú veiddist talsvert meira en 2016 en þá fengust aðeins 20 seiði.

Urriði				Aldur						
Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	0+		1+		2+		Samtals
			m²	no	ml	no.	ml	no	ml	
4	O. Hrafnhólabrúar	16/8	50	5	4.2					5
5	N. Hrafnhólabrúar	16/8	50	2	4.3	1	6.5			3
6	Miðsvæði efra	16/8	60	8	4.7	1	8.2	1	11.0	10
7	Miðsvæði neðra	18/8	40	4	4.6	3	6.7			7
8	Varmidalur	18/8	50	21	4.8	1	8.6			22
	Samtals:	250	200	40	4.7	6	7.3	1	11.0	47


Tafla 3. Fjöldi (Fj) og meðallengd (ml) veiddra urriðaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-8 2017. Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 12.



Mynd 8. Lengdardreifing urriða í Leirvogsa 2017.

Veiðin 2017


Alls veiddust 118 laxar og 6 sjóbirtingar. Flestum löxunum var sleppt aftur en 26 voru fluttir upp fyrir Tröllafoss, þar af 5 í Leirvogsvatn. Þetta er afspyrnu léleg veiði, sennilega sú minnsta nokkurn tíma. Þetta var fyrsta sumarið sem eingöngu var veitt á flugu með kvöð um sleppingar. Verður að segja að sú tilraun hafi tekist afleitlega. Mönnum ber ekki saman um hvort laxagengdin hafi einnig verið með minnsta móti. Ekki þótti ástæða til að gera yfirlit yfir vikulega veiði eða stærðardreifingu fiskanna. Afli áranna 2006-2016 er sýndur á mynd 8.



Mynd 9. Laxveiðin 2006-2016

Hitafar


Hitafar vorið 2017 var með eðlilegum hætti. Fremur kalt var í apríl en hitnaði í lok mánaðarins, maí var nokkuð hlýr en í júní kólnaði nokkuð. Seiðaproski hefur því verið eðlilegur.




Mynd 10. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsa 2017 rauð lína, 2016 græn lína, 2015 blá lína og 2014, gul lína.

Mánuður	Vika	2014	2015	2016	2017
Apríl	1			3.0	
	2			3.3	1.3
	3	2.4		3.5	2.3
	4	4.5	1.7	3.8	2.9
Maí	1	5.9	3.2	4.7	6.4
	2	6.6	3.7	5.9	5.9
	3	6.7	4.6	6.6	7.0
	4	7.4	5.5	6.0	9.3
Júní	1	10.1	6.8	8.5	8.6
	2	11.2	6.8	10.5	8.0
	3	10.6	8.2	10.6	9.4
	4	10.8	10.1	10.4	9.8
Júlí	1	9.3	10.2	11.3	9.9
	2	10.5	10.3	11.2	
	3	10.7	9.8	12.0	
	4	12.0	10.2	12.6	

Tafla 4. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsa 2014-2016 2014 - 2017.



Mynd 11. Hiti í Leirvogsa 8. apríl-1. júlí 2017



Mynd 12. Rafveiðistöðvar í Leirvogsa 2017